



Dalapósturinn

8. tölublað, 6. árgangur
25. nóvember 2013

Jólatré við Dalabúð

Miðvikudaginn 27. nóvember kl. 17:30 verður kveikt á ljósum jólatrésins við Dalabúð, sama stað og í fyrra.

Búist er við komu jólasveina á svæðið. Að venju verður dansað og sungið.

Boðið verður uppá heitt súkkulaði með rjóma og piparkökur.

Sælingsdalslaug í desember

Sælingsdalslaug verður opin í desember á þriðjudögum kl. 17-20, miðvikudögum kl. 17-20 og fimmtudögum kl. 17-19. Auk þess er opið fyrir eldri borgara á þriðjudögum kl. 15:30-17. Lokað verður frá og með 24. desember til 7. janúar

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafn Dalasýslu er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18.

Bókasafnið er lokað beri almennan frídaga upp á opnunardaga, þ.e. aðfangadag, annan í jólum og gamlársgdag.

Félagsleg þjónusta

Samningur er við Borgarbyggð um félagsþjónustu og þjónustu í barnaverndarmálum. Undir þann samning falla fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, félagsleg liðveisla og annar stuðningur við fatlað fólk og fjölskyldur fatlaðra barna, leyfisveitingar vegna daggæslu í heimahúsum og barnavernd.

Föst viðvera félagsráðgjafa er í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar, Miðbraut 11, Búðardal fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar frá kl 13 til 16. Beinn sími í fastri viðveru er 430 4708 eða 898 9222.

Auk þess er unnt að hafa samband við félagsþjónustuna símleiðis í síma 433 7100 á milli kl. 9 og 15 aðra virka daga, fá upplýsingar og ráð eða ákveða aðra stund og annan tíma, allt eftir aðstæðum.

Menningarráð Vesturlands 2014

Menningarráð Vesturlands auglýsir menningarstyrki og stofn- og rekstrarstyrki ársins 2014. Umsóknarfrestur rennur út 1. desember 2013. Ítarlegri upplýsingar og umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu Menningarráðs, www.menningarviti.is

Atvinnuráðgjafi SSV

Ólafur Sveinsson atvinnuráðgjafi SSV verður með viðveru í Búðardal 3. desember, 7. janúar, 4. febrúar, 4. mars, 1. apríl og 6. maí.

Auk þess má alltaf panta heimsókn frá atvinnuráðgjafa utan auglýsts viðverutíma. Síminn á skrifstofu er 433 2310.

Nánari upplýsingar má finna á www.ssv.is, heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Verklagsreglur vegna manneklu í leikskóla

1. Undirmönnun telst þegar barnafjöldi á leikskólakennara á hvern starfsmann fer yfir 8 barngildi. Hversu alvarleg undirmönnunin ræðst m.a. af hversu mikil hún er og hversu langan tíma er unnið á lágmarksfjölda starfsmanna. Fari undirmönnun yfir 8 barngildi eða sé viðvarandi í 8 barngildum í tvo daga í röð þarf að grípa til aðgerða.
2. Komi til undirmönnunar vegna óviðráðanlegra aðstæðna s.s. mikil forföll starfsfólks vegna veðurs, veikinda eða af annarri ástæðu, þá reyna stjórnendur (skólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri) allar leiðir til að halda starfsemi leikskólans gangandi með aðgerðum sem listaðar eru í verklagsreglunum.
3. Ávallt skal skoða hlutfall starfsmanna og þeirra barna sem mætt eru í skólann hverju sinni áður en metið sé hvort einfalda þurfi starfsemi skólans eða dvalartíma barna. Stjórnendur leikskólans leggja til með hvaða hætti skerðingin og einföldunin verði.
4. Við einföldun á starfssemi skal litið til eftirfarandi þátta:
 - 4.1. Frestun á undirbúningi stjórnenda.
 - 4.2. Frestun á mannfrekari starfssemi eins og þemavinnu, heimsóknum og fl.
 - 4.3. Frestun á stuðningsúrræðum.
 - 4.4. Frjáls leikur aukinn.
 - 4.5. Útivera aukin.
 - 4.6. Elstu börnin í leikskóla verði með 6 ára nemendum grunnskóla í lengri eða skemmri tíma.
 - 4.7. Notkun á myndefni á skjá leyfð. (Vídeo).
 - 4.8. Starfsfólk og afleysingarfólk vinnur án aðgreinandi deildarskiptingar.
5. Þurfi að skerða dvalartíma barna skal litið til eftirfarandi þátta:
 - 5.1. Reynt skal að tilkynna foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er. Þá skal reynt að gefa foreldrum aðvörun ef líkur eru á neyðarástandi, en leikskólinn áskilur sér þann rétt að grípa til fyrirvaralausrar skerðingar vegna óviðráðanlegrar undirmönnunar.
 - 5.2. Reynt að dreifa skerðingunni eins og kostur er. Tryggt sé að öll börn verði fyrir skerðingu einu sinni áður en skerðing kemur til framkvæmda öðru sinni.
 - 5.3. Komi til skerðingar skulu systkini vera heima á sama tíma.
 - 5.4. Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu á þjónustu leikskóla Auðarskóla, skulu börn starfsmanna ekki send heim.
 - 5.5. Skerðing getur verið fólgin í því að börn séu heima, ýmist hluta úr degi (sótt fyrir eða koma seinna) eða allan daginn.
 - 5.6. Þurfi að grípa til skerðingar á dvalartíma verði dagvistunargjald fyrir þá daga endurgreitt.

Samþykkt á fundi byggðarráðs 19. nóvember 2013

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur
